



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifarannsókn

*Könnunarskurðir vegna
fyrirhugaðra framkvæmda við
Hjalladæl á Eyrarbakka*

Atli Rúnarsson
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Ágúst 2024

NV nr. 15-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Ágúst 2024
Skýrsla nr: NV nr.15-24	Verknúmer:	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	Unnið fyrir: Árborg
Heiti skýrslu: Könnunarskurðir vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hjalladæl á Eyrarbakka		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
Höfundur: Atli Rúnarsson & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		
ÚTDRÁTTUR Árið 2021 réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit við götuna Hjalladæl á Eyrarbakka og voru 40 minjar skráðar innan reitsins. Af þeim 40 voru 20 minjar horfnar, einungis 11 sjáanlegar á yfirborði, 5 horfnar að hluta og ekki var vitað um ástand á 4 minjum. Minjastofnun Íslands fór fram á gerð könnunarskurða í 9 af þeim minjum sem skráðar voru sem mótvægisáðgerð fyrir framkvæmdunum, til að kanna eðli og umfang minjanna og til að sjá hvort einhverjar eldri minjar leynist undir sverði. Þegar komið var á vettvang kom í ljós að ein af minjunum var horfin undir veg og því ekki hægt að gera könnunarskurð í hana. Af þeim 8 skurðum sem gerðir voru var að finna garðlög í 6 af þeim og tóftir í 2 þeirra.		
Undirskrift verkefnastjóra: MHH		Yfirfarið af:

Efnisyfirlit

1.	Grunnupplýsingar	6
2.	Tæknileg atriði.....	7
2.1	Útdráttur	7
2.2	Forsaga rannsóknar	7
2.3	Saga Skúmsstaða	7
2.4	Saga Háeyrar.....	11
2.5	Stjórnsýsla og fjármögnun.....	13
2.6	Almennar upplýsingar um rannsóknina	14
2.7	Uppmælingakerfi of aðferðir á vettvangi.....	14
2.8	Stærð og umfang uppgraftar	14
3.	Fornleifarannsóknin við Hjalladæl.....	17
3.1	Könnunarskurður 1.....	17
3.2	Könnunarskurður 2.....	18
3.3	Könnunarskurður 3.....	19
3.4	Könnunarskurður 4.....	20
3.5	Könnunarskurður 5.....	21
3.6	Könnunarskurður 6.....	23
3.7	Könnunarskurður 7.....	24
3.8	Könnunarskurður 8.....	25
4.	Gripir og sýni	26
5.	Niðurstöður	27
5.1	Könnunarskurður 1.....	27
5.2	Könnunarskurður 2.....	27
5.3	Könnunarskurður 3.....	27
5.4	Könnunarskurður 4.....	28
5.5	Könnunarskurður 5.....	28
5.6	Könnunarskurður 6.....	28
5.7	Könnunarskurður 7.....	29
5.8	Könnunarskurður 8.....	29
6.	Heimildaskrá.....	31
7.	Kort.....	33
8.	Teikningar.....	38

9.	Skrár.....	43
9.1	Contextaskrá.....	43
9.2	Ljósmyndaskrá.....	46
9.3	Teikningaskrá.....	48
9.4	Fundaskrá	49
9.5	Sýnaskrá.....	57

Myndaskrá

Mynd 1.	Staðsetning rannsóknarinnar merkt á Íslandskort með gulri stjörnu.	6
Mynd 2.	Afstöðukort könnunarskurða 1-3 yfir viðeigandi minjar.	15
Mynd 3.	Afstöðukort könnunarskurða 4-8 yfir viðeigandi minjar.	16
Mynd 4.	Horft eftir meintri staðsetningu garðlags 2651-038. Ekkert sást í garðlagið og er það að öllum líkindum horfið undir veginn.....	17
Mynd 5.	Norðursnið prufskurðar 1. Tölvuteikning: AR	17
Mynd 6.	Túngarður 2651-003 fyrir uppgröft.	18
Mynd 7.	Túngarður 2651-003 eftir uppgröft. Prufskurður 1.	18
Mynd 8.	Vestursnið prufskurðar 2. Tölvuteikning: AR	18
Mynd 9.	Túngarður 2651-004 fyrir uppgröft.	19
Mynd 10.	Túngarður 2651-004 eftir uppgröft. Vestur snið prufskurðar 2.....	19
Mynd 11.	SV snið á prufskurði 3. Tölvuteikning: AR.	19
Mynd 12.	Suðursnið á könnunarskurði 3.	20
Mynd 13.	Suðursnið túngarðs 2651-021. Prufskurður 4	20
Mynd 14.	Túngarður 2651-021 fyrir uppgröft.	20
Mynd 15.	SA snið prufskurðar 4. Tölvuteikning: AR.....	21
Mynd 16.	Tóft 2651-018 fyrir uppgröft.	21
Mynd 17.	Horft yfir prufskurð 5.....	21
Mynd 18.	Torfvægur [503] í suðursniði prufskurðar 5.	22
Mynd 19.	Suður snið prufskurðar 5. Tölvuteikning: AR	22
Mynd 20.	Tóft 2651-017 fyrir uppgröft.	23
Mynd 21.	Tóft 2651-017 eftir uppgröft. Prufskurður 6.	23
Mynd 22.	Mögulegt gólfslag [615] í prufskurði 6.	23
Mynd 23.	Mögulegur veggur [616] og [617] í prufskurði 6.....	23
Mynd 24.	SA snið prufskurðar 6. Tölvuteikning: AR.....	24
Mynd 25.	Túngarður 2651-016 fyrir uppgröft.	24
Mynd 26.	SA snið prufskurðar 7. Tölvuteikning: AR.....	25
Mynd 27.	Túngarður 2651-016 í suðursniði prufskurðar 7.....	25
Mynd 28.	Túngarður 2651-015 fyrir uppgröft.	25
Mynd 29.	SA snið túngarðs 2651-015. Prufskurður 8.....	26
Mynd 30.	SA snið prufskurðar 8. Tölvuteikning: AR.....	26
Mynd 31.	Rúðugler HJA-2024-52-3 sem fannst í könnunarskurði 1.	27
Mynd 32.	Steinkol HJA-2024-52-16 sem fannst í könnunarskurði 2.....	27
Mynd 33.	Horft yfir Kaupmannstún 2651-031.....	27
Mynd 34.	Suðursnið prufskurðar 4. Það sem er eftir af garðinum sést efst til vinstri á myndinni.	28
Mynd 35.	Möguleg veggjahleðsla í vesturenda könnunarskurðar 5.	28

Mynd 36. Mögulegt gólflag [615] í könnunarskurði 6. Votlendislag [612] sést undir því.	28
Mynd 37. Suðursnið könnunarskurðar 7. Grjótið úr túngarðinum sést í sniðinu.....	29
Mynd 39. Túngarðurinn á loftmynd frá 1958.	29
Mynd 38. Garðlagið fyrir uppgröft. Það er sjáanlegt innan rauða hringsins.	29

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi gripa eftir efni (t.v.) og eftir hlutverki (t.h.)	26
---	----

Kortaskrá

Kort 1. Afstöðukort könnunarskurða	33
Kort 2. Könnunarskurðir á vestur hluta skipulagsreitsins.....	34
Kort 3. Könnunarskurðir á austanverðum skipulagsreitnum.	35
Kort 4. Afstöðukort könnunarskurða yfir viðeigandi minjar. Aðrar minjar eru ekki sýndar á kortinu.	36
Kort 5. Afstöðukort könnunarskurða yfir viðeigandi minjar. Aðrar minjar eru ekki sýndar á kortinu.	37

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

Rannsóknarnúmer:


202407-0070

ÞJMS-Númer:

2024-52

Stutt lýsing rannsóknar:

Könnunarskurðir vegna lengingar götunnar Hjalladæl á Eyrarbakka.



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarinnar merkt á Íslandskort með gulri stjörnu.

Tegund rannsóknar:

Könnunarskurðir

Staðsetning:

Austan og vestan við götuna Hjalladæl á Eyrarbakka

ISN93 hnit:

A: 394431 , N: 375159

Rannsóknartími:

5-9 ágúst 2024

Leyfishafi:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna:

4: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Atli Rúnarsson, Jonathan Buttery & Kate Fitzpatrick

2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Árið 2021 gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit við götuna Hjalladæl á Eyrarbakka og voru 40 minjar skráðar innan reitsins. Af þeim 40 voru 20 minjar horfnar, einungis 11 sjáanlegar á yfirborði, 5 horfnar að hluta og ekki var vitað um ástand á 4 minjum.

Minjastofnun Íslands fór fram á gerð könnunarskurða í 9 af þeim minjum skráðar voru sem mótvægisáðgerð fyrir fyrirhuguðum framkvæmdunum á svæðinu til að kanna eðli og umfang minjanna og til að sjá hvort einhverjar eldri minjar leynist undir sverði. Þegar komið var á vettvang kom í ljós að ein af minjunum var horfin undir veg og því ekki hægt að gera könnunarskurð í hana.

Af þeim 8 skurðum sem gerðir voru var að finna garðlög í 6 af þeim og tóftir í 2 þeirra. Fornleifauppgröfturinn fór fram í ágúst árið 2024.

2.2 Forsaga rannsóknar

Vorið 2021 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifaskráningu fyrir Árborg á skipulagssvæðinu. Þá voru skráðar 40 fornminjar innan deiliskipulagsreitsins og gerði Minjastofnun Íslands kröfu um að gerðir yrðu könnunarskurðir í níu þeirra. Niðurstöður skráningarinnar birtust í skýrslunni *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit við Hjalladæl á Eyrarbakka*.¹ Deiliskipulagsreiturinn náði inn á tvær jarðir: Skúmsstaði og Háeyri.

2.3 Saga Skúmsstaða

Í *Landnámu* sagði að Hásteinn Atlason hafi numið land þar sem þorpin Stokkseyri og Eyrarbakki mynduðust er fram liðu stundir. Hann gaf síðan Hallsteini mági sínum ytri hluta Eyrarbakka, en hann bjó sjálfur í Framnesi.² Brynjúlfur Jónsson sagði að: „[j]arðirnar Háeyri [165875-133], Skúmsstaðir [165871-130], Einarshöfn [165858-129], Drepstokkur [182302-128] og Nes hafi allar legið á því svæði, sem Hásteinn gaf Hallsteini.“³ Brynjúlfur hélt svo áfram: „Þó eru þær óefað landnámsjarðir, byggðar með ráði Hallsteins. Er ekki að marka þó Landnáma geti ekki um þau landnám. Hún sleppir svo mörgum landnámsbæjum, sem engin furða er. Hitt er öllu heldur furða, hve marga hún hefir náð að taka.“⁴ Því má segja að landnám Hallsteins hafi verið það land sem síðar varð Eyrarbakkahreppur. „Fyrsta landnámsjörðin þar var því Framnes, er seinna var flutt frá sjó og nefndist þá Hraun. Stóð bærinn fram á 17.öld þar, sem nú er Gamla-Hraun. Úr landi Framness byggðust síðan aðrar jarðir á þessu svæði: Háeyri, Skúmsstaðir, Einarshöfn, Drepstokkur og Nes.“⁵

Ritsaga Skúmsstaða nær aftur til 16. aldar en fyrst kemur jörðin fyrir í heimildum árið 1560 þegar Oddur Grímsson, ábúandi á Skúmsstöðum í fimm ár, vitnaði um landamerki milli Stokkseyrar og Hrauns.⁶

¹ Kristín Sylvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021

² Landnámabók, 1968, bls. 371-372

³ Brynjúlfur Jónsson, 1981, bls. 12

⁴ Brynjúlfur Jónsson, 1981, bls. 12

⁵ Guðni Jónsson, 1960, bls. 41

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 562

Jörðin birtist oftár á næstu öldum í heimildum, en um ábúendur jarðirnnar er lítið vitað.⁷ Ábúendatal Skúmsstaða hefst ekki fyrr en árið 1703.⁸ Í *Sögu Eyrarbakka* eru ábúendur taldir upp og byrjar sú upptalning á Oddi Grímssyni sem áður frá segir.⁹ Um þá sem næstir eru taldir er lítið vitað uns kemur að Sveinbirni Geirmundssyni sem á jörðinni bjó á árunum 1620-35. Það var hann sem „... leyfði að setja Einarshafnarbæinn á Skúmsstaðaland ...“¹⁰ Gísli Oddson biskup sagði Sveinbirni síðar upp jörðinni vegna vanhirðu og vanskila.¹¹

Eftir að Einarshöfn var flutt á land Skúmsstaða tvinnast sögur þeirra saman. En í því samhengi má benda á að Ormur Jónsson, sem á jörðinni bjó á árunum 1633-65, hafði eftir 1654 umráð yfir Einarshöfn ásamt því að búa á hálfum Skúmsstöðum.¹² Eftir Ormi bjó þar Árni Pálsson en hann hafði sömuleiðis ábúðarrétt eða ráðstöfunarétt á Einarshöfn.¹³

En ábúðar- og eignarréttur fór ekki alltaf saman. D.C. Petersen, Eyrarbyggjakauþmaður, keypti báðar jarðirnar af Skálholtsstóli við upphaf friðhöndlunar árið 1787 eða 1788. Árið 1795 keypti J. C. Sünckenberg jarðirnar af Petersen. Verslunarstjóri hans og síðar meðeigandi var Niels Lambertsen. Eftir lát Sünckenbergs árið 1806 keypti Lambertsen verslunina og báðar jarðirnar.¹⁴ Síðan er ekki talað um að ábúendur Skúmsstaða hafi haft einhver rétt á Einarshöfn fyrr en Guðmundur Thorgrímssen flytur á Skúmsstaði (1879-97) en hann er sagður hafa haldi Skúmsstaði alla.¹⁵ Peter Nielsen verslunarstjóri tók við af Guðmundi tengdaföður sínum og hélt alla jörðina en þar bjó hann á árunum 1897-1910. J. A. Lefolii greiddi af Skúmsstöðum og Einarshöfn tíund árið 1911.¹⁶ Þá var stofnað hlutafélagið Einarshöfn um eignir Lefoliifjölskyldunar, en árið 1919 eignaðist Verslunarfélagið Hekla allar eigur félagsins upp í skuldir.¹⁷ Bankinn seldi Ríkissjóði Íslands jarðirnar árið 1935.¹⁸ Árið 1958 var samþykkt á Alþingi að selja Eyrarbyggkahreppi jarðirnar. Þegar Eyrarbyggkahreppur sameinaðist öðrum sveitarfélögum og úr varð Sveitarfélagið Árborg eignaðist það sveitarfélag jarðirnar Einarshöfn, Skúmsstaði og Háeyri og á enn.¹⁹

Elsta Minjalýsing jarðarinnar er frá árinu 1708 og kemur úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Um skuldir, kvaðir, stærð og ábúendur jarðarinnar og Einarshafnar segir þar:

„Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum. Jarðareyrir hefur hjer goldist sem á öðrum stólsins jörðum supra. Eigandi biskupsstóllinn Skálholt. Ábúandinn ekkjan Valgerður Eyjólfsdóttir. Landskuld i c x álnir, en fyrir hjer um 60 árum segja menn landskuld hafi verið i c xxx álnir og þá aftur færð, þegar bærinn Einarshöfn var settur á Skúmstaðaland. Betalaðist inn til næstu 6 ára í landaurum, síðan hefur landskuld niður fallið fyrir kost og camers, sem

⁷ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 115

⁸ Halldór Gestsson & Páll Lýðsson

⁹ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 115

¹⁰ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 116

¹¹ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 116

¹² Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 117

¹³ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 117

¹⁴ Sigfús Haukur Andrússon, 1988, bls. 453-458

¹⁵ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 130

¹⁶ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 130

¹⁷ Lýður Pálsson, 1992, bls. 25-26

¹⁸ Minnisblað frá Lögmönnum Suðurlands til bæjarstjóra Árborgar, 26. maí 2008

¹⁹ Inga Lára Baldvinsdóttir, 1998, bls. 48 & 64; ÁRBORG aðalskipulag 2005-2025 - skipulagsgreinargerð ásamt umhverfisskýrslu, 2006, bls. 64

Skálholtsstaðar ráðsmaður hefur haft af ábúandanum vetur og sumar, þá hann hefur með þurft til aðskiljanlegra erinda hjer að dvelja. Leigukúgildi iii. Leigur betalast í smjöri í Eyrarbyggðakaupstað eður fiski eður peníngum, ef smjör skortir. Kvaðir mannslán um vertíð í Þorlákshöfn, geldst in natura, hestlán og dagsláttur, kvittast með aðskiljanlegum smákvöðum, sem ráðsmaðurinn með þarf hjer í kaupstaðnum, og þetta eftir góðri forlíkun á báðar síður.²⁰

Mikið hefur verið ritað um dýrleika Skúmsstaða en elstu heimildir þess efnis eru frá árinu 1665, en það ár fékk Árni Pálsson ábúandi Skúmsstaða byggingarbréf frá Brynjólfi biskupi þar sem landskuldin er rituð ásamt ýmsum skilyrðum, þar segir:

„Landskuld 6 ½ ærgildi, kvígildi 4 og „landnaut“ (vetrarfóðrun), beitarkvöð fyrir ferðamannahesta, að líkindum allra þeirra ferðamanna, er á Eyrarbakka verzludu og bíða þurftu afgreiðslu. Kvaðir venjulegar, mannslán, hestlán og dagsláttur. Ef í einu flóði ræki fleiri en 5 fiska, skyldi leiguliði hirða þá og verka að öllu leyti til helminga skipta. Árni fékk þá líka ábúðarrétt eða ráðstöfunarrétt á Einarshöfn með 60 álna landskuld, tveimur kvígildum, landnauti og kvöðum. Þá var einnig ákveðið eftir beiðni Gottskálks Oddssonar prests í Miðdal, að hann fengi hússtæði á Skúmsstöðum, en kýrvöll líka vildi Árni ekki gefa eftir.“²¹

Árið 1686 var dýrleiki Skúmsstaða 21 hundruð.²² Tíu árum síðar er dýrleika jarðarinnar lýst nákvæmlega:

„Í jarðabók 1696 er afgangur á Skúmsstöðum talið 130 álnir og leigur eftir 4 kvígildi 8 fjórðungar smjörs. En mat jarðarinnar er að fornu fari 32 ½ (líka 30) hundr. Þar á móti er jarðarmatið 1803 ekki nema 9 hundr. 69 ½ alin og landsskuldin 57 ½ alin. Er þetta undarlega lágt eftir hlunnindum þeim, sem þá eru þó talin: Útræði eins og í Einarshöfn virt 23 1/3 áln., sölvatekja 60 vættir árlega 5 hundr. (600 áln.), trjáreki á 1 hest 15 áln. og leiga af verzlunarlóð hefur að fornu fari verið goldin með 1 hundr. 80 fiskum. Sagður er þar líka útigangur og engjar, en túnið víst alveg eyðilagt, bæði af sandágangi og örtröð.“²³

Árið 1708 var dýrleiki jarðarinnar óviss.²⁴ Árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar 32 1/3, landskuld 1,10 og kúgildin 3²⁵ og ári síðar tíundaði Guðmundur Thorgrímson eitt hundrað, tveimur árum síðar tíundaði hann 6 hundruð og fjórum árum síðar tíundaði hann 20 hundruð lausafjár.²⁶ Ný hundraðatala Skúmsstaða er sögð 41,7 árið 1848 en að til forna hafi hún verið 32 1/3.²⁷

Heilmikið er til ritað um fólksfjölda Skúmsstaða en misjafnt hvort talið sé fólk á Skúmsstaðabýlinu eingöngu eða allri jörðinni. Í Sögu Eyrarbakka er fjöldi heimila og fólksfjöldinn

²⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1921, bls. 78-80

²¹ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 118

²² Guðrún Alda Gísladóttir, 2002, bls. 17

²³ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 49-50

²⁴ Guðrún Alda Gísladóttir, 2002, bls. 17

²⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 59

²⁶ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 130

²⁷ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 30

er skráður á nokkrum árum frá 18. til 20. aldar.²⁸ Þar segir að á árunum 1678-1704 virðist hafa verið 15 fjölskyldur á Skúmsstöðum og 66 manns.²⁹ Annars staðar segir að árið 1747-81 hafi búið á Skúmsstöðum Magnús Bjarnason og að heimilismenn hans hafi verið tíu, hjáleigumenn 11 og húsmenn 13, eða samtals 59 á Skúmsstöðum, og að auki hafa verið átta í Einarshöfn. Árið 1784 voru sex búendur (með húsmönnum) á Skúmsstöðum og árið 1798 tíunduðu tíu heimilisfeður á Skúmsstöðum, en þar bjuggu 49 manns og einn ábúandi í Einarshöfn.³⁰ Árið 1788 voru sjö hjábýli á jörðinni og 20 manns bjó á þeim.³¹ Árið 1803 „... telur [hreppstjóri] átta leiguliða á Skúmsstöðum, prestur 11 ábúendur á þeim og kotunum.“³² Ári síðar tíunduðu 13 manns á Skúmsstöðum.³³ Minjalýsingarnar úr Manntölunum eru að einhverju leyti frábrugðnar þeim minjalýsingum sem fram koma í Sögu Eyrarbakka, en þar eru minjalýsingarnar sundurgreindar í hjáleigur og býli. Á Skúmsstöðum sjálfum voru skráðir 11 til heimilis árið 1703,³⁴ árið 1801 bjuggu þar jafnmargir en jörðinni skipt í fjórbýli.³⁵ Árið 1816 bjuggu þar átta fjölskyldur og samtals 31³⁶ og loks árið 1845 var þar fjórbýli með samtals 19 manns.³⁷ Þekktasta hús Skúmsstaða er án efa Garður eða Húsið eins og það kallast helst í dag, en það er elsta hús Eyrarbakka og eitt af elstu húsum Íslands.³⁸ Húsið þekktist undir nafninu Kaupmannshúsið þar til Guðmundur Guðmundsson kaupfélagsstjóri fluttist þangað 1920, og breytti nafninu í Garð.³⁹ Húsið stendur mjög austarlega á jörðu Skúmsstaða en það lét Jens Lassen kaupmaður byggja árið 1765 sama ár og kaupmenn fengu leyfi til að dvelja hérlandis veturlangt.⁴⁰

Verslunarhús Vesturbúða var ein reisulegasta bygging Eyrarbakka,⁴¹ en hún var meðal þeirra húsa er stóðu á landi Skúmsstaða. Vesturbúðir stóð á Vesturbúðahólum, grasbala rétt vestan við samkomuhúsið Stað, þétt norðan við Sjóvarnargarðinn, sunnan við Barnaskólann (Gunnarshús/Gistihúsið), Brauðgerðarhús (Bakarið) og Hof (Hjörtþórshús).

„Í Vesturbúðunum var um langan aldur ein mesta verslun á Íslandi, þangað voru sótt viðskipti af næstum öllu Suðurlandsundirlendi eða úr Árnes-, Rangárvalla- og VesturSkaftafellssýslum. Þessi verslun var lengi sterkasta líftaug þorpsins. Bygging verslunarinnar var rifin árið 1950 og er þar nú auðnarlegur sand- og grjótbali, einu leifarnar af mannvirkjum þar er bryggjan, en hún er nú mjög farin að hrörna, nefnd Vesturbúðabryggja og lá beint frá verslunarhúsunum.“⁴²

²⁸ Vigfús Guðmundsson, 1949, Tafla: Fólktal, bls. 209

²⁹ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 119-120

³⁰ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 123

³¹ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 115

³² J. Johnsen, 1847, bls. 59

³³ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 125

³⁴ Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1924-1947, bls. 510-511

³⁵ Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt, 1978, bls. 209

³⁶ Manntal á Íslandi 1816, 1947-1974, bls. 295-296

³⁷ Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt, 1982, bls. 215

³⁸ Guðmundur Þórarinnsson, 1997, bls. 20

³⁹ Guðmundur Þórarinnsson, 1997, bls. 54

⁴⁰ Lilja Árnadóttir, 1989, bls. 6

⁴¹ Guðmundur Þórarinnsson, 1997, bls. 20-21

⁴² Guðmundur Þórarinnsson, 1997, bls. 20-21

Ekki hefur verið mikið ritað um bústofn á Skúmsstöðum. Þó kemur fram að árið 1703 voru samtals 30 kýr á Skúmsstöðum.⁴³ Fimm árum síðar segir í *Jarðabókinni*:

„Kvikfje vii kýr, xxx ær, x sauðir veturgamlir, xxx lömb, iiii hestar, i hross með fyli. Fóðrast kann i kýr, i hestur. Það sem meira er af kvikfje fóðrast af tilfengnum heyjum, nema hvað sauðfje og hestar kunna að fá af fjöru, sem þó er mjög svipul um vetur.“⁴⁴

2.4 Saga Háeyrar

Háeyri er sú jörð er mið- og austurhluti þorpsins Eyrarbakka stendur á.⁴⁵ „En jörðinni tilheyrðu hjáleignar Steinskot, Mundakot, Sölkutóft, Neistakot, Simbakot, Nýibær, LitlaHáeyri, Eyjólfskot. Tvö tómthús að auki voru komin í eyði árið 1708 en þau hétu Einkot og Hallsstruntu.“⁴⁶ Í Jarðatali á Íslandi, sem kom út árið 1847, er Einkofi talinn með hjáleigunum og því eru hjáleignar þar taldar vera níu. Ein þeirra er nefnd Eivakot, sem er eflaust sama hjáleiga og áður nefndist Eyjólfskot, og önnur Naustakot, sem ekki verður betur séð en sé sú sem áður nefndist Neistakot.⁴⁷

Háeyri er ekki talin landnámsjörð⁴⁸ en jörðin hefur verið hluti af landnámi Hásteins Atlasonar sem nam Stokkseyrarhrepp.⁴⁹ Brynjúlfur Jónsson var á annarri skoðun, hann taldi jörðina vera landnámsjörð „Þó eru þær [Háeyri, Skúmsstaðir, Einarshöfn, Drepstokkur og Nes] óefað landnámsjarðir, byggðar með ráði Hallsteins. Er ekki að marka þó Landnáma geti ekki um þau landnám. Hún sleppir svo mörgum landnámsbæjum, sem engin furða er. Hitt er öllu heldur furða, hve marga hún hefir náð að taka.“⁵⁰

Guðni Jónsson fjallar um landnám Hásteins í Stokkseyringasögu, hann segir Hástein hafa gefið mági sínum Hallsteini ytri hlut Eyrarbakka. Hallsteinn bjó á Framnesi en ytri hlutur Eyrarbakka er það sem síðar var Eyrarbakkahreppur. „Fyrsta landnámsjörðin þar var því Framnes, er seinna var flutt frá sjó og nefndist þá Hraun. Stóð bærinn fram á 17. öld þar, sem nú er Gamla-Hraun. Úr landi Framness byggðust síðan aðrar jarðir á þessu svæði: Háeyri, Skúmsstaðir, Einarshöfn, Drepstokkur og Nes.“⁵¹

Vigfús Guðmundsson telur byggð á Háeyri hafi hafist fyrir árið 1000 en hann segir:

„Bærinn Stokkseyri, svo og jarðirnar Háeyri, Skúmsstaðir og Einarshöfn, hafa allar verið byggðar síðar en 3 hinar fyrrnefndu [Baugstaðir, Stjörnusteinar og Framnes], og er ekki kunnugt, hverjir reistu þar fyrstu byggðina. Þá er það einnig löngu síðar, um 980, sem kunnugt verður um bónda í fyrstu á Drepstokki ...“⁵² Hann bætir svo við: „En þrátt fyrir óvissu alla um byggð og búendur á Háeyri, sýnist mega fullyrða, að byggð sé sett þar fyrir 1200, og þó að líkindum löngu fyrr. Rökin að þessu liggja í fyrrnefndu áheiti Jörundar á

⁴³ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 121

⁴⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1921, bls. 78-80

⁴⁵ Sunnlennskar byggðir II. Flóinn, 1981, bls. 279

⁴⁶ Guðmundur Þórarinnsson, 1997, bls. 12

⁴⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 59

⁴⁸ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 131

⁴⁹ Sunnlennskar byggðir II. Flóinn, 1981, bls. 196

⁵⁰ Brynjúlfur Jónsson, 1981, bls. 12

⁵¹ Guðni Jónsson, 1960, bls. 41

⁵² Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 19

Drepstokki. Hét hann meðal annars að gefa raft til Háeyrarkirkju. (Bisk. S. I., 388).⁵³

Í bændatali eru þó ekki skráðir þar ábúendur fyrr en árið 1681 en það voru Þorsteinn Eyjólfsson lögréttumaður og Guðrún Einarasdóttir.⁵⁴ „*Ekki er það fremur á Háeyri en flestum öðrum stöðum, að ábúendaröðin geti byrjað fyrr en á 17. öld svo að teljandi sé.*“⁵⁵ Háeyri birtist á nokkrum stöðum í fornum heimildum eins og áður hefur verið vísað í. Árið 1545 er jörðin nefnd í reikningsskaparbréfi Gizurar biskups við Arnór Eyjólfsson, en Arnór tók út þrjú kúgildi á Háeyri.⁵⁶ Nokkrum árum síðar eða árið 1558 kemur Háeyri aftur fyrir í heimildum en þá segir frá skiptabréfi Eyjólfssonar sýslumanns sem gaf Ísleifi syni sínum nokkrar jarðir og þar á meðal Háeyri á Eyrarbakka.⁵⁷

Í *Sögu Eyrarbakka* eru eignaryfirráð Háeyrar skoðuð en þar segir að lengstum hafi hún verið í bændaeign. Eigi sýnist ólíklegt, að Gissur biskup hafi átt umráð eða ítök nokkur í Háeyri um 1545.⁵⁸ En árið 1558⁵⁹ er hún í bændaeign.⁶⁰ Árið 1945 er Háeyri komin í ríkiseign eins og Einarshöfn, Skúmsstaðir og Stokkseyri.⁶¹

Vigfús Guðmundsson bendir á að í útgáfu Njálu frá árinu 1894 sé getið um Þorkel Háeyrartyrðil. En trúboðinn Þangbrandur kristnaði Ingjald son Þorkels fyrir árið 1000.

„Af þessu mætti hugsa sér, að Þorkell hafi ekki viljað blóta heiðnu goðin, og fengið af því tyrðilsnafnið í vanvirðuskyni. En feðgarnir báðir hallast fremur að guðstrúnni og kristnum sið. Nú fullyrðir Njála, að um þetta bil hafi Kári Sölmundarson átt bú í Dyrhólma og haft þar ráðsmann, en setið löngum sjálfur með tengdafólki sínu að Bergþórshvoli. Kynni því Ingjaldur að hafa verið þar ráðsmaður Kára, en Þorkell bóndi á Háeyri um líkt leyti eða litlu fyrr. Vegna lendingarstaðar og viðskipta á Eyrum, gat verið vinfengi milli Kára og Háeyrarfeðga (og jafnvel trúhneigða samlyndi).“

Hann bætir því þó við að Þorkell sé nefndur Heyjatyrðill í útgáfu Njálu frá árinu 1943 en það telji menn að sé réttara.⁶² Á Háeyri hafa auk, bænhúsa, hjáleigna, þurrabúða og annarra húsa staðið verslunarhús. Um skuldir, kvaðir, stærð og ábúendur jarðarinnar segir í *Jarðabókinni*:

„Jarðardýrleiki xv c og so tíundast fjórum tíundum. Eigandinn prófastekkjann Sigríður Hákonardóttir að Rauðamel í Hnappadalssýslu. Ábúandinn lögrjettumaðurinn Þorsteinn Eyjólfsson. Landskuld vi c inn til 1702. En síðan bygt með sömu skilmálum, er þó ábúanda eftir gefið árlega i c. Betalast með 12 ríxdöllum in specie tilskildum og í sama máta eru áskildar 6 tunnur mjöls; iiii af þeim leysast með landaurum eður peningum uppá fiskatal, uppá alþing, til landsdrottins meðtökumanns. ii tunnur kvittar gefnar af landskuld sem

⁵³ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 133

⁵⁴ Halldór Gestsson & Páll Lýðsson

⁵⁵ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 133

⁵⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 450

⁵⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 326

⁵⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 450

⁵⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 326

⁶⁰ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 131

⁶¹ Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 131

⁶² Vigfús Guðmundsson, 1945, bls. 133

áður segir. Leigukúgildi engin í næstu 40 ár eður lengur, en þar fyrir segja menn hjer verið hafa v, og ekki vita nálægir að undirretta, í hverjum aurum leigur guldust. Kvaðir öngvar. Kvikfje vi kýr, i kvíga tvævetur geld, ix ær, i sauður tvævetur, v veturgamlir, xii lömb, iii hestar. Fóðrast kann i kýr, i hestur. Hitt alt, sem meira er af kvikfje, fóðrast á tilfengnum heyjum, sjerdeilis af Flóagafli og öðrum kríngliggjandi jörðum í Flóa.”⁶³

Í Jarðatali á Íslandi sem gefið var út árið 1847 segir að dýrleiki jarðarinnar hafi verið 15 og landskuldin 4. Einn eigandi var skráður á hálfri torfunni.⁶⁴

Á túnakortum Stóru-Háeyrar, sem sennilega var teiknað á öðrum áratug 20. aldar, eru skráð fjögur tún. Tún I var heimatúnið en það var 1,6 ha að stærð, tún II hét Simbakotstún og var 0,8 ha, tún III kallaðist Sandvíkurtún og var 2 ha og tún IV kallaðist Heklutún og var 0,4 ha. Samtals voru því tún Stóru-Háeyrar 4,8 ha. Öll voru tún þessi slétt nema Simbakotstúnið, af því var u.þ.b. $\frac{3}{4}$ slétt. Matjurtagarðar voru 71.445 m². Engin hús eru skráð á þessi tún, utan við að á heimatúninu eru skráð íbúðarhúsin, fjöldi þeirra er þó ekki tilgreindur og engin útihús skráð. Á öðru túnakorti sem einnig tilheyrði Stóru-Háeyri má sjá skráðan bæ og sjógarð. Það tún var útgræðsla á Háeyrarvöllum (Stóru-Háeyrarlóð). Útgræðslan var 7,7 ha á stærð, öll slétt og að mestu komin í fulla rækt.⁶⁵

2.5 Stjórnsýsla og fjármögnun

Að beiðni Rúnars Guðmundssonar, skipulagsfulltrúa Árborgar, gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn með gerð könnunarskurða.

Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisáðgerðir vegna vegagerðarinnar við Hjalladæl í febrúar 2024. Í umsögn Minjastofnunar frá 18.6.2024 var sagt:

Austast á svæðinu á að framlengja götuna Hjalladæl og norðan við hana verður bætt við þremur lóðum. Á þessu svæði stóðu bæjarhús Simbakots að öllum líkindum. Staðsetning bæjarhúsanna, túngarða og annarra minja sem tilheyrðu kotinu eru sýnd í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða frá 2021, Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit við Hjalladæl á Eyrarbakka, og á skipulagsuppdraetti. Lítil merki um þessar minjar sjást á yfirborði. Í skýrslunni segir þó að aftan við húsin númer 22, 24, 26, 28, 30 og 32 við Túngötu séu minjar rétt undir sverði og að hleðslugrjót stingist upp úr grasinu um allt svæðið. Samkvæmt skipulagsuppdraettinum lenda bæjarhúsin og nokkrir túngarðar þeim tengdir undir framlengingu vegarins. Minjastofnun telur að fá þurfi fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdum við vegagerðina. Komi fornleifar í ljós þarf að stöðva framkvæmdir á meðan fornleifarnar eru rannsakaðar. Til að koma í veg fyrir tafir mætti líka grafa könnunarskurði á völdum stöðum í vegstæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Þá væri hægt að ljúka rannsóknum áður en framkvæmdir við vegagerðina hefjast. Mér sýnist að slíkir skurðir yrðu samtals um 30 m langir.

Samkvæmt skipulaginu á líka að lengja Hjalladæl til vesturs. Þar verða til nokkuð margar lóðir bæði sunnan og norðan við nýja veginn. Á þessu svæði er T-lag skurður (2651-030) sem ekki er talinn mjög gamall. Minjastofnun telur skráningu skurðarins fullnægjandi mótvægisáðgerð. Túngarður (2651-010) liggur í gegnum lóðina nr. 58 við Túngötu og í gegnum nýjar lóðir við Hjalladæl, nr. 23 og 16. Framlenging á Hjalladæl mun einnig þvera garðinn. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að garðurinn liggir í norður og sé útflattur en mjög

⁶³ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1921, bls. 73

⁶⁴ J. Johnsen, 1847, bls. 59

⁶⁵ Túnakort, Stóra-Háeyri, 1920

beinn. Garðurinn sem er úr grjóti er ekki talin forn og líklega frá síðari hluta 19. aldar eða byrjun 20. aldar. Minjastofnun telur skráningu garðsins fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Framkvæmdir við lengingu Hjalladælar til vesturs og framkvæmdir innan nokkurra nýrra lóða munu raska garði (2651-003 og 004). Í fornleifaskráningarskýrslu kemur fram að líklegt sé að þetta sé hluti af garði sem afmarkaði svokallað Kaupmannstún. Minjastofnun telur að grafa þurfi könnunarskurð í gegnum garðinn til að komast að aldir hans og byggingarlagi. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða er Kaupmannstúnið skráð sérstaklega og gefið númerið 2651-031. Ef þetta er gamalt heimatún eru töluverðar líkur á að undir sverði leynist leifar mannvistar. Grafa þarf skurð, 2 – 4 m langan, í túnið til að kanna hvort undir sverði leynist mannvist.

Vestast á svæðinu er túngarður (2651-038) sem ekki er sýndur á skipulagsupprætti. Um hann segir í fornleifaskráningarskýrslu: Garðlagið er merkt inn á kort frá 1930 og var staðsett mest í um 7,5 m austan við Bárðarbrú [Gömul leið 2651-029]. Garðlagið hefur verið tengt garði [2651-003] og haldið þar áfram meðfram veginum til norðurs... Örlítil upphækkun er austan megin við veginn og er líklegt að þar sé túngarðurinn. Þó er ekki víst hvort að þar hafi verið hlaðinn garður eða um sé að ræða garð sem gaddavírgirðing hefur verið á. Innan deiliskipulagsreits hefur túngarðurinn fylgt veginum á um 135 m spotta. Tengin Hjalladælar við Bárðarbrú mun raska garðinum að hluta. Minjastofnun telur að grafa þurfi könnunarskurð þvert í gegnum garðinn til að kanna aldur hans og byggingarlag.

Framkvæmdir við lengingu Hjalladælar og uppbyggingu á nýjum lóðum mun raska fornleifum. Það er þó þannig að allar fornleifar sem raskast eru að öllu leyti eða að hluta í nýju vegstæði og þar af leiðir að hægt er að ljúka nauðsynlegum rannsóknum í tengslum við vegagerð innan skipulagssvæðisins.

Sveitarfélagið Árborg annaðist fjármögnun verkefnisins.

2.6 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Við rannsóknina störfuðu fjórir fornleifafræðingar hjá Náttúrustofu Vestfjarða: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Atli Rúnarsson, Jonathan Buttery og Kate Fitzpatrick. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Rannsóknin stóð yfir í fimm daga. Veður var blautt til að byrja með en svo rættist úr því og var annað hvort sól eða skýjað. Atli Rúnarsson sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

2.7 Uppmælingakerfi of aðferðir á vettvangi

Grafir voru átta könnunarskurðir, þar sem eitt garðlagið var horfið undir veg, bæði austan og vestan við götuna Hjalladæl. Við uppgröft á skurðum var notast við gröfu sem hafði 40cm breiða ótennta skóflu og voru þá grafin tvöföld skóflubreidd. Árborg útvegaði gröfumann fyrir verkið og fær hann sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Skurðirnir voru annaðhvort grafnir niður á óhreift eða niður á hraun. Snið skurðanna voru hreinsuð, hverri einingu (contexti) lýst og skráð, myndir teknar og snið teiknuð upp. Í þeim skurðum þar sem engin ummerki um mannvist fannst var einungist teiknaður 1m af þeim sniðum. Sniðin voru annaðhvort teiknuð upp í skalanum 1:10 eða 1:20, en fór það eftir lengd skurðanna.

Svæðið var drónað eftir að skurðirnir voru teknir og þeir staðsettir þannig inn í Ísnet93 hnitakerfið.

Öllum gripum var og dýrabeinum var safnað og verða komið í réttar hendur við lok rannsóknar.

2.8 Stærð og umfang uppgrftar

Alls voru teknir átta könnunarskurðir á svæðinu.

Könnunarskurður 1 í túngarð 2651-003 var 1x1m af stærð og allt að 0.65m djúpur.

Könnunarskurður 2 í túngarð 2651-004 var 1x0.8m af stærð og allt að 0.65m djúpur.

Könnunarskurður 3 í Kaupmannstún 2651-031 var 3x0.8m af stærð og allt að 0.54m djúpur.

Könnunarskurður 4 í túngarð 2651-021 var 1.5x0.8m af stærð og allt að 1.4m djúpur.

Könnunarskurður 5 í eina af tóftum Simbakots 2651-018 var 5.2x0.8m af stærð og allt að 1.44m djúpur.


Könnunarskurður 6 í eina af tóftum Simbakots 2651-017 var 10x0.8m af stærð og allt að 1.2m djúpur.

Könnunarskurður 7 í túngarð 2651-016 var 1.5x0.8m af stærð og allt að 1m djúpur.

Könnunarskurður 8 í túngarð 2651-015 var 1.5x0.8m af stærð og allt að 0.66m djúpur.



Mynd 2. Afstöðukort könnunarskurða 1-3 yfir viðeigandi minjar.



Mynd 3. Afstöðukort könnunarskurða 4-8 yfir viðeigandi minjar.

3. FORNLEIFARANNSÓKNIN VIÐ HJALLADÆL

Minjastofnun Íslands gerði kröfu um könnunarskurði í samtals níu minjar. Í ljós kom að ein þeirra, nr. 2651-038,⁶⁶ var horfin undir veg eða vegfyllinguna og var því ekki gerður skurðir í hana. Í fornleifaskráningarskýrslunni var einnig sagt að „... ekki víst hvort að þar hafi verið hlaðinn garður eða um sé að ræða garð sem gaddavírs-girðing hefur verið á.“⁶⁷ Einnig var garðlagið merkt sem horfið á korti í skráningarskýrslunni.⁶⁸




Mynd 4. Horft eftir meintri staðsetningu garðlags 2651-038. Ekkert sást í garðlagið og er það að öllum líkindum horfið undir veginn.

3.1 Könnunarskurður 1

Opnaður var 1x1m skurður yfir túngarð, nr. 2651-003 í skráningarskýrslunni. Í umræddri skýrslu var sagt að:

„Samkvæmt korti af Skúmsstaðahverfinu frá um 1905 var bærinn Garðar fyrir norðan Túngötu á svipuðum stað og húsið nr. 66 við götuna stendur í dag, um 28 m austur af bænum Vorhúsum. Húsið sem stendur þarna í dag var byggt árið 1956. Á fyrrgreindu korti má sjá að lóð hefur tilheyrt bænum og má gera ráð að hlaðinn garður hafi verið umhverfis hana. Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að hlaðinn garður hefur þá verið á norður-, austur- og vesturmörkum lóðarinnar. Í dag liggur garður sem er hlaðinn úr torfi og grjóti í norður frá húsinu og gæti hann hafa verið við austurmörk skikans. Syðri endi garðsins byrjar um 10 m frá íbúðarhúsinu, norðan við bílastæðið sem er við norðurhlið hússins. Austan við garðinn er mikill uppúrmokstur úr skurði [011] sem er þar austan við, en vestanmegin liggur garðurinn með fram girðingu sem afmarkar túnið þar sem Kvíarflóð var.“⁶⁹

Þar var garðinum lýst sem um 30m löngum. Hann var sagður mikið gróinn en þó mátti sjá í honum 2 til 3 umför hraungrýtis. Garðlagið var sagt 50cm hátt og 60cm breitt. Hann var rofinn af holræsi [2651-011] en hélt svo áfram til austurs. Þar var hann 112m þar sem hann lá í austur og vestur og þá beygði hann aftur til suðurs og var 25m og nær húsi 58 við Túngötu. Mjög líklega mátti telja að þetta væri grjótgarðurinn sem umlék Kaupmannstúnið svonefnda.⁷⁰



Prufuskurður 1 í túngarð 2651-003. Norður snið
Skali 1:10 Daas. 5.8.2024 KF
Mynd 5. Norðursnið prufuskurðar 1. Tölvuteikning: AR

⁶⁶ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 51-52

⁶⁷ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 52

⁶⁸ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 62

⁶⁹ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 17-18

⁷⁰ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 18

Alls voru fimm lög skráð í prufuskurðinum. Sem var 1m langur, 1m breiður og allt að 65cm djúpur.

Yfirborðslag [101] var allt að 14cm þykkt, dökkbrún mold með frekar þéttum rótum. Þar á eftir kom hleðslugrjótið [102] beint undan yfirborðinu og virðist sem það hafi farið eftir stærð steinanna hvort það voru notaðir einn eða tveir steinar í þykkt og hæð garðsins.

Við austurhlíð garðsins var vindborið lag [103] sem var frekar sendið og laust í sér og var allt að 20cm þykkt. Í því lagi var svo sem virtist vera torfskella [104]. Ekkert sérstakt lag var á torfinu og ekki talið líklegt að það hafi haft eitthvað að gera með byggingu garðsins sem hefur að öllum líkindum einungis verið grjóthlaðinn.

Átta gripir fundust í skurðinum en þeir fundust allir við uppmoksturinn á skurðinum þannig ekki var hægt að tengja þá við ákveðin jarðlög í skurðinum. Þeir gripir sem fundust voru klassískir gripir sem finnast við ruslalög frá þessum tíma: rúðugler, járnþynnur, múrsteinsbrot og leirker.

Eitt sýni var tekið: tvö dýrabein sem fundust við uppmokstur á garðlaginu <S-2>.

3.2 Könnunarskurður 2

Opnaður var könnunarskurður, sem var 1.5 x 0.8m af stærð og allt að 65cm djúpur, í túngarð, nr. 2651-004 í skráningarskýrslunni. Í umræddri skýrslu var sagt:

Um 100 m fyrir norðan Túngötu liggur grjóttgarður með fram lóðamörkum húsa sem standa norðan Túngötu. Garðurinn hefst í vestri við skurð við bílskúr sem tilheyrir húsi nr. 64 við Túngötu og liggur í austur. Fyrir norðan hús nr. 58 sveigir garðurinn í átt að húsinu. Sá hluti garðsins er um 3 m, en alls er garðurinn um 114 m. Hugsanlega er þetta garður sá sem afmarkaði Kaupmannstúnið að norðanverðu.


Stærsti hluti garðsins er um 50 cm hár, en hann hækkar og lækkar á víxl og er mesta hæð um 120 cm. Sjá má 2 umför steina í honum, hraungrýti, sem sést vel að norðanverðu, en gróið er að og upp á garðinn að sunnanverðu.



Mynd 6. Túngarður 2651-003 fyrir uppgröft.



Mynd 7. Túngarður 2651-003 eftir uppgröft.
Prufuskurður 1.



Mynd 8. Vestursnið prufuskurðar 2. Tölvuteikning: AR

Gaddavírsgríðing er ofan á garðinum. Greinilegt er að þetta er hluti af garðinum sem umlæk Kaupmannstúnið sami garður og [2651-003] þar sem sveigurinn er á garði þessum liggur annar garður í norður.⁷¹

Um er að ræða sama túngarð og könnunarskurður 1 var tekinn í en hann var skráður sem sér eining vegna skurðar sem sker garðinn.

Alls voru fjögur lög skráð í prufuskurði 2. Yfirborðslag [201] var dökkbrún mold með frekar þéttum rótum og var allt að 15 cm þykkt. Lag [202] var dökkt áfokslag, sandur sem fokið hafði á túnið frá fjörunni og var allt að 50cm þykkt. Lag [203] var dökkur náttúrulegur sandur í botni prufuskurðarsins og var allt að 17cm þykkur. Veggurinn samanstóð svo af steinum [204] og voru tveir steinar neðst í veggnum og svo stærri steinn ofan á þeim.

Fimmtán gripir fundust í skurðinum, klassískt rusl sem finnst frá þeim tíma sem garðurinn var hlaðinn: járnarusl, glerbrot og leirker.



Mynd 9. Túngarður 2651-004 fyrir uppgröft.




Mynd 10. Túngarður 2651-004 eftir uppgröft.
Vestur snið prufuskurðar 2.

3.3 Könnunarskurður 3

Könnunarskurður 3 var tekinn með gröfu í Kaupmannstún, nr. 2651-031 í skráningarskýrslunni, og var 3x0.8m af stærð og allt að 54cm djúpur. Í skráningarskýrslunni segir um túnið:

Kaupmannstúnið náði langt norður fyrir Túngötu. Til eru grjóttgarðar [2651-030] sem afmarka túnið, en túnið sjálft er komið í órækt.

Nú er ræktað tún fyrir norðan Húsið, sem nær að Túngötu. Það hefur ugglaut verið hluti af Kaupmannstúninu.⁷²



Mynd 11. SV snið á prufuskurði 3. Tölvuteikning: AR.

⁷¹ Kristín Sylvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 19

⁷² Kristín Sylvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 47

Minjastofnun Íslands setti skilyrði fyrir skurðinum því að ef um heimatún væri að ræði gæti verið líklegt að minjar myndu finnast undir sverði. Engin ummerki um mannvist fundust í skurðinum og lítur út fyrir að hér sé ekki um heimatún að ræða.

Alls voru þrjú jarðlög skráð í könnunarskurði 3 í Kaupmannstúnið. Yfirborðslag [301] var dökkbrún mold með frekar þéttum rótum og var allt að 25cm þykkt. Jarðlag [302] var dökkbrúnn sendinn jarðvegur, allt að 20cm þykkur og er líklegast um áfokslag að ræða. Lag [303] var dökk appelsínugult leirkennt lag, náttúrulegt og allt að 7cm þykkt. Unir því var að finna náttúrulegt hraun.

Engir gripir fundust í skurðinum og engin sýni voru tekin.

3.4 Könnunarskurður 4

Könnunarskurður 4 var tekinn með gröfu í túngarð, nr. 2651-021 í skráningarskýrslunni, og var 1.5x0.8m af stærð og allt að 1.4m djúpur. Í skráningarskýrslunni segir um túngarðinn:

Á korti af Eyrarbakka frá árinu 1903 sést að Simbakoti [2651-017 og 2651-018] hafa tilheyrt lóðarskikar sunnan [2651-020], suðvestan [2651-022] og norðan [2651-021] við bæinna. Gera má ráð fyrir að þarna hafi m.a. verið ræktaðar kartöflur og aðhald fyrir skepnur. Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að hlaðnir garðar hafa verið umhverfis þessa skika. Garður úr grjóti afmarkaði skika suðvestan og norðan við Simbakotsbæina. Garðarnir tengjast í bæði íbúðarhúsin [2651-017 og 2651-018] norðan til. Garðurinn á upptök sín við túngarð [2651-022] og heldur hann þaðan til norðurs. Túngarðurinn virðist hafa verið hlaðinn úr grjóti.

Norður af íbúðarhúsum við Túngötu 30 og 32, er mikið magn af grjóti sem er frá byggingum og túngörðum frá Simbakoti.⁷³

Alls voru 9 jarðlög skráð í könnunarskurði 4. Yfirborðslag [401] var dökkbrún mold með frekar þéttum rótum og allt að 25cm þykkt. Þaðan kom dökkbrún mold [402] sem umlék grjótið sem túngarðurinn var hlaðinn úr [403]. Jarðlag [404] var brúnn siltaður leir, engin dýrabein eða kol



Mynd 12. Suðursnið á könnunarskurði 3.



Mynd 14. Túngarður 2651-021 fyrir uppgröft.




Mynd 13. Suðursnið túngarðs 2651-021. Profuskurður 4

⁷³ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 39

fundust í laginu sem var allt að 33cm þykkt. Næst var lag [405] sem var eins og lag [404], brúnn siltaður leir, en þarna voru brennd bein og kolaþlyksur farin að koma í ljós. Lag [406] var gulur og grár leirkenndur jarðvegur, um 10cm þykkur. Undan því kom svo lag [407] sem var dökkgrár vindborinn sandur, allt að 25cm þykkur, undir honum var svört fínkorna gjóska [408]. Neðst í skurðinum var lag [409], appelsínugulur og svartur sandur sem var stökkur og blautur, allt að 12cm þykkur.

Engir gripir fundust í skurðinum og engin sýni voru tekin.



Mynd 15. SA snið prufuskurðar 4. Tölvuteikning: AR

3.5 Könnunarskurður 5

Könnunarskurður 5 var tekinn með gröfu í eina af tóftum Simbakots, nr. 2651-018 í skráningarskýrslunni, og var hann 5.2x0.8m að stærð og allt að 1.44m djúpur. Um tóftina segir í skráningarskýrslunni:

Simbakot er merkt inn á kort frá 1930 og var það staðsett norðvestan við líklegan bústað [2651-017] á Simbakoti og rétt norðan við þar sem nú eru Túngata 26 og 32. Í örnefnaskrá Litlu-Háeyri segir; „Vestan við dæluna er svo Simbakot, sem sagt er að einu sinni hafi verið 11 bæir, en 1708 eru það tveir bændur, þú eru þar mjög miklar tættur og einn hrörlegur kofi, sem ný flust er úr.“

Á túnakorti Stóru-Háeyrar er Simbakotstún 0,8 ha að stærð. Þar segir einnig að; „Öll túnin eru slétt nema Simbakotstúnið, af því er sljétt $\frac{3}{4}$. Þar sem ekki eru punktalínur á takmörkum túnanna, eru þau girt í sambandi við engjar.“

Samkvæmt manntölum hefur líklega verið búseta verið í tveimur bústöðum þar sem ýmist er getið um tvo bónda eða húsbónda.

Simbakot var byggt úr torfi og virðist hafa haft 5 rými. Þó svo að engar minjar eru sjáanlegar á yfirborði er líklegt að ummerki um bústaðinn finnist undir sverði aftan við hús.



Mynd 16. Tóft 2651-018 fyrir uppgröft.




Mynd 17. Horft yfir prufuskurð 5.

Simbakotsjörðin sjálf innan túngarða náði yfir þar sem í dag eru húsin við Túngötu 22, 24, 26, 28, 30 og 32. Greinilega má sjá að aftan við þessi hús eru minjar rétt undir sverði og stingst hleðslugrjót upp úr grasinu um allt svæðið.⁷⁴



Mynd 18. Torfveggur [503] í suðursniði þrúfuskurðar 5.

Alls voru 17 jarðlög skráð í könnunarskurði 5. Yfirborðslag [501] var dökkbrún mold með frekar þéttum rótum og var allt að 34cm þykkt. Lag [502] var dökkbrúnt torfblendið lag, líklega hrun úr torfvegg [503] og var allt að 30cm þykkt. Torfveggur [503] var úr brúnu torfi með appelsínugulum skellum, svartri gjósku og ljósum sandi. Veggurinn var allt að 70cm þykkur. Lag [504] var hrun úr vegg [503] innan tóftarinnar, það var brúnt torf með appelsínugulum skellum, svartri gjósku og ljósum sandi. Ekki var eins mikill strúktúr í laginu og í vegg [503], lagið var allt að 30cm þykkt. Lag [505] var brúnn jarðvegur með fjólubláum blæ með smá torfskellum og kolaflyksum, um 40cm þykkt. Lag [506] var lag yfir og í kringum vegg [517], ekkert sjáanlegt torf var í laginu og það var frekar laust í sér, það gæti þó verið eftir að grafan reif í steinana. Lagið var allt að 60cm þykkt. Lag [507] var blandaður náttúrulegur jarðvegur, dökkbrúnn með appelsínugulum skellum og allt að 50cm þykkt. Lag [508] var grjótið í vegg [503]. Lag [509] var blandað mannvistarlag, brún mold með fjólubláum blæ og smá kolaflyksum og lífrænum blettum, allt að 12cm þykkt. Lag [510] var svart votlendislag, mjög þétt í sér og blautt. Það var mjög sterk lífræn lykt af laginu sem var allt að 12cm þykkt. Lag [511] var járnríkt jarðlag, um 1cm þykkt, það var rauðleitt og grjóthart. [513] var ljósgrár frekar grófur vindborinn sandur, allt að 28cm þykkur. [514] var blandað mannvistarlag, appelsínugult lag með örlitlum kolaflyksum, allt að 32cm þykkt. [515] var náttúrulegur leirkenndur jarðvegur, allt að 26cm þykkur. Lag [516] var miðbrúnt þétt lag með töluvert af kolaflyksum, allt að 20cm þykkt. Lag [517] var hleðslugrjót vesturveggjar tóftarinnar.



Mynd 19. Suður snið þrúfuskurðar 5. Tölvuteikning: AR

Engir gripir fundust í skurðinum en eitt sýni var tekið. Svört fínkorna gjóska úr torfvegg [503], <S-3>.

⁷⁴ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 36-37

3.6 Könnunarskurður 6

Könnunarskurður 6 var tekinn með gröfu í eina af tóftum Simbakots, nr. 2651-017 í skráningarskýrslunni, og var hann 10x0.8m að stærð og allt að 1.2m djúpur. Um tóftina segir í skráningarskýrslunni:

Inn á kort frá 1930 er hús merkt rétt austan við íbúðarhúsið Simbakot. Túngarður [2651- 016] nær upp að húsinu við norðvestur horn hússins og við suðvestur horn.

Ekki kemur fram á kortinu hvert hlutverk hússins var en þar hefur líklega verið íbúðarhús þar sem í manntölum er ýmist getið um tvo bændur í Simbakoti. Húsið var byggt úr torfi á vestur, norður og austur hliðum en úr timbri við suðurhlið. Á kortinu hafa verið teiknaðar tröppur á suðurhliðinni og hefur þar líklegast verið inngangur inn í húsið. Húsið var 16,5 m að lengd og 9,2 m að breidd. Norður við hús 26 og 32 við Túngötu má greina mikið grjótt aftan við lóðir húsanna þar sem nú er tún. Greinilegt er að rétt undir yfirborði eru mikið magn af minjum sem líklega hafa tilheyrt byggingum og gördum frá Simbakoti sem þar stóð.⁷⁵

Alls voru 17 jarðlög skráð í könnunarskurði 6. Yfirborðslag [601] var dökkbrún mold með frekar þéttum rótum allt að 20cm þykkt. Lag [602] var gulleitt leirkennt lag um 10cm þykkt. [603] var rauðbrúnn sendinn og leirkenndur jarðvegur allt að 30cm þykkur. [604] var blandaður rauðbrúnn sandur allt að 14cm þykkur. [605] var blandaður sendinn jarðvegur, grár og rauðleitur, með eitthvað af brenndum beinum, allt að 8 cm þykkt. [606] var blandað mannvistarlag, sendinn grár jarðvegur með fjólubláum blæ og eitthvað af brenndum beinum. Allt að 11cm þykkur. [607] var appelsínugulur sandur um 16cm þykkur. [608]



Mynd 20. Tóft 2651-017 fyrir uppgröft.



Mynd 21. Tóft 2651-017 eftir uppgröft. Prufuskurður 6.



Mynd 22. Mögulegt gólflag [615] í prufuskurði 6.




Mynd 23. Mögulegur veggur [616] og [617] í prufuskurði 6

⁷⁵ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 34

var brúnn siltaður sandur með fjólubláum blæ, allt að 24cm þykkur. [609] var þéttur sendinn siltaður. Fjólublár með gráum blæ, allt að 20cm þykkur. [610] var sendinn og siltaður jarðvegur, grábrúnn, allt að 12cm þykkur. [611] var dökkgrár siltaður leir með smá sandi, allt að 34cm þykkur. [612] var svart votlendislag, þét í sér og blautt. Mjög sterk lífræn lykt var af laginu sem var allt að 20cm þykkur. [613] var brúnn siltaður leir með appelsínugulum blæ, allt að 60cm þykkur. [614] var náttúrulegur appelsínugulur sandur, allt að 24cm þykkur. [615] var mögulegt gólf tóftarinnar. Grátt með fjólubláum blæ og eitthvað af brenndum beinum, sendið silt. Lagið var allt að 30cm þykkur. [616] var jarðvegur á milli steina sem mynda vegg, ekki eignlegt torf, allt að 20cm þykkur. [617] voru steinar sem mynda vegg [616].

Engir gripir fundust í skurðinum en eitt sýni var tekið, dýrabein <S-1>.



Mynd 24. SA snið prufuskurðar 6. Tölvuteikning: AR.

3.7 Könnunarskurður 7

Könnunarskurður 7 var tekinn með gröfu í túngarð, nr. 2651-016 í skráningarskýrslunni, um 1.5x0.8m af stærð og um 1m djúpur. Um garðinn segir í skráningarskýrslunni:

Inn á kort frá 1930 er merktur túngarður með tveimur hólfum sunnan við bústað [2651-017] við Simbakot. Túngarðurinn er norðvestan við veginn [2651-032] upp að Naustakoti [2651-014] og norðaustan við veginn upp að Simbakoti [2651-018]. Túngarðurinn hefur verið byggður við bústaðinn og er líklegt að þar hafi skepnum verið haldið.



Mynd 25. Túngarður 2651-016 fyrir uppgröft.

Norður hólfið er fast upp við útihúsið og var staðsett þar sem bílskúrar við Túngötu 26 eru í dag. Hólfið hefur verið um 32 m langt og 26 m breitt. Norðarlega í hólfinu var brunnur [2651-035]. Suður hólfið var staðsett þar sem Túngata 24 er nú. Hólfið hefur verið 32 m langt og 28 m breitt. Smá hluti af garðlaginu má finna við lóðamörk norðan við Túngötu 24.⁷⁶

Alls voru 6 jarðlög skráð í könnunarskurði 7. Yfirborðslag [701] var dökkbrún mold með frekar þéttum rótum, allt að 20cm þykkur. [702] voru steinarnir sem mynduðu túngarðinn. [703] var


⁷⁶ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 33

brúnn jarðvegur sem veggur [702] var í, enginn önnur sjáanleg mannvist í laginu, allt að 55cm þykkt. [704] var gulleitt leirkennt jarðlag, allt að 18cm þykkt. [705] var leirkenntur sendinn jarðvegur, allt að 37cm þykkur. [706] var appelsínugulur sandur, mjög þéttur en náttúrulegur. Allt að 10cm þykkur.

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.



Mynd 27. Túngarður 2651-016 í suðursniði prufuskurðar 7.



Mynd 26. SA snið prufuskurðar 7. Tölvuteikning: AR.

3.8 Könnunarskurður 8

Könnunarskurður 8 var tekinn með gröfu í túngarð, nr. 2651-015 í skráningarskýrslunni, og var hann um 1.5x0.8m af stærð og allt að 66cm djúpur. Um túngarðinn segir í skráningarskýrslunni:

Umhverfis bæjarstæðið á Naustakoti hefur verið hlaðinn garður. Garðurinn er hluti af stærri garði sem nær upp til norðurs, þaðan yfir túnið til suðausturs og niður til suðurs að bænum Einkofa. Til suðurs frá Naustakoti fylgir garðurinn vegi [2651-032] þar til hann skiptist við Sölkutóft. Aðeins sést móta fyrir garðinum aftan við Túngötu 20 og að skurðinum.

Líklega eru leifar steinhlaðna túngarðsins sjáanlegar austan við tóftir Naustakots en ekki eru þær greinilegar. Túngarðurinn í heild sinni er horfinn innan deiliskipulagsreits, en er þó sjáanlegur á yfirborði norðan við Einkofa.⁷⁷

Alls voru fimm jarðlög skráð í könnunarskurði 8. Yfirborðslag [801] var dökkbrún mold með frekar þéttum rótum, allt að 24cm þykkt. [802] voru steinarnir sem garðlagið var gert úr. [803] var brúnn jarðvegur sem veggur [802] var í, enginn önnur mannvist var sjáanleg í laginu sem var um 23cm þykkt. [804] var leirkenntur sendinn jarðvegur, allt að 26cm þykkur. [805] var appelsínugulur sandur, mjög þéttur en náttúrulegur, allt að 16cm þykkur.

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.




Mynd 28. Túngarður 2651-015 fyrir uppgröft.

⁷⁷ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 32-33



Mynd 29. SA snið túngarðs 2651-015. Prufuskurður 8



Mynd 30. SA snið prufuskurðar 8. Tölvuteikning: AR

4. GRIPIR OG SÝNI

Við rannsóknina fundust alls 23 gripir í tveimur skurðum. Átta gripir fundust í prufuskurði 1 og fimmtán í prufuskurði 2. Allir gripirnir fundust við uppmokstur á skurðunum og flokkast því sem lausafundir þar sem ekki var hægt að tengja þá við ákveðið lag.

Mest fannst af leirkeri, átta gripanúmer samtals, þar á eftir var járn og gler með fimm gripanúmer, múrsteinar þar á eftir með fjögur númer og eitt steinkol var tekið sem gripur til að sýna fram á aldur garðlagsins í prufuskurði 2.

Efni	Fjöldi
Leirker	8
Gler	5
Járn	5
Múr	4
Kol	1

Hlutverk	Fjöldi
Hvítleir	7
Múrsteinn	4
Flöskugler	3
Járnpynnur	2
Rúðugler	2
Gaddavír	1
Óþekkt	1
Steinkol	1
Stytta	1
Nagli/bolti	1

Tafla 1. Fjöldi gripa eftir efni (t.v.) og eftir hlutverki (t.h.)

Alls voru þrjú sýni tekin við rannsóknina. Dýrabein sem fundust í skurðum 1 og 6 og svört fínkorna gjóska sem fannst í torfvegg [503] í prufuskurði 5.

5. NIÐURSTÖÐUR

5.1 Könnunarskurður 1

Túngarður 2651-003 hefur verið hlaðinn úr hraungrýti, ýmist með einfaldri eða tvöfaldri röð af steinum eftir þörfum. Þar sem sniðið var tekið í garðinn var hann um 53cm hár samanstóð af einu stóru hraungrýti. Ljóst er að áfokssandur hefur hlaðist austan við garðinn, innan túnsins, vegna áfoks af ströndinni.

Miðað við gripina sem fundust í skurðinum, t.a.m. járnþynnur og rúðugler, má áætla að garðurinn sé frá seinni hluta 19. aldar eða upphafi 20. aldar.



Mynd 31. Rúðugler HJA-2024-52-3 sem fannst í könnunarskurði 1.

5.2 Könnunarskurður 2

Túngarður 2651-004 var í raun framhald af túngarði 2651-003, þar sem könnunarskurður 1 var tekinn. Garðurinn var hlaðinn úr hraungrýti með einfaldri eða tvöfaldri röð af steinum eftir þörfum. Þar sem sniðið var tekið var garðlagið um 58cm hátt og samanstóð af tveimur steinum í grunni garðsins og einum stærri ofan á þeim. Ljóst er að áfokssandur hefur hlaðist upp sunnan við garðinn, innan túnsins, vegna áfoks af ströndinni.

Miðað við gripina sem fundust í skurðinum, t.a.m. stytubrot og steinkol, má áætla að garðurinn sé frá seinni hluta 19. aldar eða upphafi 20. aldar. Sú staðreynd að steinkol voru ekki flutt inn til Íslands af ráði fyrr en um og eftir 1870⁷⁸ styður þá niðurstöðu.



Mynd 32. Steinkol HJA-2024-52-16 sem fannst í könnunarskurði 2.

5.3 Könnunarskurður 3

Minjastofnun Íslands setti kröfu um að tekinn yrði könnunarskurður í Kaupmannstún 2651-031 ef ske kynni að um væri að ræða heimatún þar sem líkur væri á að finna minjar undir sverði. Engar minjar fundust í skurðinum og ekkert sem benti til mikillar mannvistar á svæðinu annað en kolaflyksur og brennd bein sem er ekki skrítið að finna í svona mikilli nálægð við þorp.



Mynd 33. Horft yfir Kaupmannstún 2651-031.

⁷⁸ Hörður Ágústsson, 1998, bls. 67 & 133

5.4 Könnunarskurður 4

Túngarður 2651-021 hefur verið einfaldur grjóttgarður, einungis fannst ein umferð af steinum og í skráningarskýrslunni er því varpað fram að gera mætti ráð fyrir að þarna hafi m.a. verið ræktaðar kartöflur.⁷⁹ Grafið var niður að Þjórsárhrauni og fundust engin merki um mannvist undir garðinum önnur en þau sem við er að búast miðað við nálægð við þorpið, þ.e. eitthvað af kolaflyksum og brenndum beinum í jarðlagi [405].

Svæðið ber líka með sér að hafa verið sléttað eða rutt og því ekki gott að segja hve mikið er eftir af minjum á svæðinu.



Mynd 34. Suðursnið prufuskurðar 4. Það sem er eftir af garðinum sést efst til vinstri á myndinni.

5.5 Könnunarskurður 5

Könnunarskurður 5 var tekinn í eina af tóftum Simbakots, 2651-018. Á korti frá 1930 var sýnt hús sem hefur verið opið í norður og með einhverskonar gerði í kring um sig og bendir það til þess að um einhverskonar útihús hafi verið um að ræða. Í könnunarskurðinum fannst einn torfveggur í austanverðum skurðinum og í vestur enda hans fannst möguleg grjóthleðsla sem gæti þá verið vestur veggur tóftarinnar. Ekkert eiginlegt gólflag fannst innan veggjanna og bendir það til þess að ekki hafi verið búið í húsinu.



Mynd 35. Möguleg veggjahleðsla í vesturenda könnunarskurðar 5.

Grafið var niður á Þjórsárhraun til þess að kanna hvort eldri minjar leyndust undir tóftinni en svo var ekki. Einu merki um mannvist undir tóftinni voru þau sem búast má við miðað við nálægð við þorpið, þ.e. eitthvað af kolaflyksum og brenndum beinum í ýmsum jarðlögum.

5.6 Könnunarskurður 6

Könnunarskurður 6 var tekinn yfir eina af tóftum Simbakots, 2651-018. Á korti frá 1930 var hús merkt rétt austan við íbúðarhúsið Simbakot. Ekki kom fram á kortinu hvert hlutverk hússins var en í skráningarskýrslunni var leitt að því að mögulega gæti það hafa verið íbúðarhús þar sem í manntölum var ýmist getið um tvo bændur í Simbakoti. Húsið var byggt úr torfi á vestur, norður og austur hliðum en úr timbri við suðurhlið. Á kortinu voru teiknaðar



Mynd 36. Mögulegt gólflag [615] í könnunarskurði 6. Votlendislag [612] sést undir því.

⁷⁹ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 39

tröppur á suðurhliðinni og hefur þar líklegast verið inngangur í húsið.⁸⁰

Svæðið ber með sér að hafa verið sléttað eða rutt. Í könnunarskurðinum fundust þó mögulegar leifar tveggja veggja og mögulegt gólflag þar á milli [615]. Grafið var niður á Þjósárhraun til þess að kanna hvort undir tóftinni leyndust eldri minjar en svo var ekki. Svo virðist vera sem á svæðinu hafi verið votlendi áður en tóftin var byggð en undir henni fannst votlendislag [612] sem var svart, þétt í sér og blautt með sterka lífræna lykt. Um 40m norðan við tóftina er enn að finna votlendi. Einu merki um mannvist undir tóftinni voru þau sem búast má við miðað við nálægð við þorpið, þ.e. eitthvað af kolaþyksum og brenndum beinum í ýmsum jarðlögum.

5.7 Könnunarskurður 7

Könnunarskurður 7 var tekinn yfir túngarð 2651-016 sem virðist hafa verið mjög einfaldur grjótgarður. Þar sem svæðið ber með sér að hafa verið sléttað eða rutt er lítið hægt að segja um eiginlegt byggingarlag á honum annað en það að svo virðist sem grjóti hafi verið komið fyrir á jörðinni frekar en að um eiginlega hleðslu hafi verið um að ræða.

Grafið var niður á hraun til þess að kanna hvort það leyndust eldri minjar undir garðlaginu en svo var ekki. Enginn önnur merki um mannvist fundust í skurðinum.



Mynd 37. Suðursnið könnunarskurðar 7. Grjótið úr túngarðinum sést í sniðinu.

5.8 Könnunarskurður 8

Könnunarskurður 8 var tekinn yfir túngarð 2651-015. Um er að ræða einfaldan grjótgarð sem hefur mögulega verið undirhleðsla undir girðingu eða að hann hafi verið rifinn og einungis neðsta hleðslan orðið eftir.

Einhver skekkja hefur verið í kortinu sem mælt var eftir í fornleifaskráningaskýrslunni þar sem ekkert garðlag var sjáanlegt þar sem túngarður 2651-015 var mældur. Hins vegar var skýrt garðlag um 10m vestan við það og var skurðurinn því tekinn í það þar sem að öllum líkindum er um sama garðlag að ræða. Loftmynd frá 1958 styður það að þarna hafi túngarðurinn verið.



Mynd 38. Garðlagið fyrir uppgröft. Það er sjáanlegt innan rauða hringsins.



Mynd 39. Túngarðurinn á loftmynd frá 1958.

⁸⁰ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021, bls. 34

UMRÆÐA

Garðar sem kannaðir voru reyndust líklega allir frá síðari hluta 19. aldar eða fyrri hluta 20. aldar.

Ljóst er að þar sem gatan á að liggja eru byggingar sem líklega tengjast búsetur í Simbakoti. Önnur rústin virðist vera úthús og hin gæti verið af íbúðarhúsi. Ekkert bendir til eldri minja undir en rannsóknin staðfestir að byggingar frá Simbakoti eru þar sem gatan og byggð er fyrirhuguð.

Minjastofnun ákveður hvort frekari mótvægisaðgerða er þörf.

6. HEIMILDASKRÁ

- ÁRBORG aðalskipulag 2005-2025 - skipulagsgreinargerð ásamt umhverfisskýrslu. (2006). *Unnið af Vinnustofunni þverá ehf.* Sótt 3. febrúar 2008 frá <http://www.arborg.is/files/282112092Greinager%F0.pdf>
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1921). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.
- Brynjúlfur Jónsson. (1981). Rannsókn í Árnespíngi sumarið 1904. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1-51.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðmundur Þórarinnsson. (1997). *Eyrarbyggahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Eyrarbakki: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.
- Guðni Jónsson. (1960). *Stokkseyringa saga. Fyrri bindi*. Reykjavík: Stokkseyringafélagið í Reykjavík.
- Guðrún Alda Gísladóttir. (2002). *Menningarminjar í Stokkseyrarhreppi. Svæðisskráning*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Halldór Gestsson & Páll Lýðsson. (án dags.). Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000. Handrit í eigu höfunda.
- Hörður Ágústsson. (1998). *Íslensk byggingararfleið I. Ágrip af húsagerðarsögur 1750-1940*. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins.
- Inga Lára Baldvinsdóttir. (1998). *Margur í sandinn hér markaði slóð. Eyrarbyggahreppur 1897-1998*. Eyrarbakki: Eyrarbyggahreppur.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip um búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit við Hjalladæl á Eyrarbakka*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Landnámabók. Í Íslensk fornrit. I.bindi. Íslendingabók. Landnámabók. Síðari huti. Jakob Benediktsson gaf út.* (1968). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Lilja Árnadóttir. (1989). *Eyrarbakki. Húsakönnun*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Lýður Pálsson. (1992). Á rústum Lefolii. *Árnesingur II*, 21-38.
- Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* (1978). Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Manntal á Íslandi 1816.* (1947-1974). Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* (1982). Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla.* (1997). Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* (1924-1947). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

- Minnisblað frá Lögmönnum Suðurlands til bæjarstjóra Árborgar, 26. maí 2008. (2008).
- Ný jarðabók fyrir Ísland.* (1861). Kaupmannahöfn: J. H. Schultz.
- Sigfús Haukur Andrésson. (1988). *Verzlunarsaga Íslands 1774-1807. Upphaf frihöndlunar og almenna bænarskráin. II. bindi.* Reykjavík: Verzlunarráð Íslands og Fjölsýn Forlag.
- Sunnlennskar byggðir II. Flóinn.* (1981). Búnaðarsamband Suðurlands.
- Túnakort. (1920). *Stóra-Háeyri. Eyrarbyggðir, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.
- Vigfús Guðmundsson. (1945). *Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi, fyrri hefti.* Reykjavík: Víkingsútgáfan.
- Vigfús Guðmundsson. (1949). *Saga Eyrarbakka. Síðara bindi, fyrri hefti.* Reykjavík: Víkingsútgáfan.

7. KORT



Kort 1. Afstöðukort könnunarskurða




Kort 2. Könnunarskurðir á vestur hluta skipulagsreitsins.



Kort 3. Könnunarskurðir á austanverðum skipulagsreitnum.




Kort 4. Afstöðukort könnunarskurða yfir viðeigandi minjar. Aðrar minjar eru ekki sýndar á kortinu.




Kort 5. Afstöðukort könnunarskurða yfir viðeigandi minjar. Aðrar minjar eru ekki sýndar á kortinu.


8. TEIKNINGAR




0.5 m
Prufuskurður 1 í túngarð 2651-003.
Norður snið
Skali 1:10 Dags. 5.8.2024 KF




0.5 m
Prufuskurður 2 í túngarð 2651-004.
Vestur snið
Skali 1:10 Dags. 6.8.2024 KF





Prufuskurður 3 í Kaupmannstún 2651-031
SV snið
Skali 1:10 Dags. 6.8.2024 KF



Prufuskurður 4 í garðlag 2651-021
SA snið
Skali 1:10 Dags 7.8.2024 KF








0.5m

Prufuskurður 7 í garðlag 2651-016
SA snið
Skali 1:10 Dags. 7.8.2024 KF



0.5m

Prufuskurður 8 í garðlag 2651-015
SA snið
Skali 1:10 Dags. 7.8.2024 KF

9. SKRÁR

9.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Svæði	Dagsetning	Nafn	Lýsing
101	Yfirborð	TP1	5.8.2024	AR	Yfirborðslag, dökkbrún mold með frekar þéttum rótum. Allt að 14cm þykkt
102	Steinar	TP1	5.8.2024	AR	Hraungrýti sem veggurinn hefur verið hlaðinn úr.
103	Blandað	TP1	5.8.2024	AR	Blandaður sendinn jarðvegur. Dökkbrún mold með grófum sandkornum inn á milli. Allt að 20cm þykkt
104	Torf?	TP1	5.8.2024	AR	Mögulegt torf, er í raun lítil torf skella sem kom fram í sniðinu, enginn sjáanlegur strúktúr á því. Dökk appelsínugult. Allt að 12cm þykkt
105	Jarðvegur	TP1	5.8.2024	AR	Dökkbrúnn sendinn jarðvegur. Náttúrulegt. Allt að 20cm þykkt
201	Yfirborð	TP2	6.8.2024	AR	Yfirborðslag, dökkbrún mold með frekar þéttum rótum. Allt að 15cm þykkt.
202	Áfok	TP2	6.8.2024	AR	Dökkt lag með töluverðum sandi sem fokið hefur af fjörunni. Allt að 50cm þykkt
203	Sandur	TP2	6.8.2024	AR	Dökkur sandur í botni prufuskurðsins. Náttúrulegt. Allt að 17cm þykkt
204	Steinar	TP2	6.8.2024	AR	Hraungrýti sem veggurinn hefur verið hlaðinn úr.
301	Yfirborð	TP3	6.8.2024	AR	Yfirborðslag, dökkbrún mold með frekar þéttum rótum. Allt að 25cm þykkt
302	Sandur	TP3	6.8.2024	AR	Dökkbrúnn sendinn jarðvegur. Náttúrulegt. Allt að 20cm þykkt
303	Leir	TP3	6.8.2024	AR	Dökk appelsínugulur leir, náttúrulegur. Allt að 7cm þykkt
401	Yfirborð	TP4	7.8.2024	AR	Yfirborðslag, dökkbrún mold með frekar þéttum rótum. Allt að 25cm þykkt
402	Jarðvegur	TP4	7.8.2024	AR	Dökkbrún mold sem er í kring um vegg [403]. Allt að 25cm þykkt
403	Steinar	TP4	7.8.2024	AR	Hraungrýti sem veggurinn hefur verið hlaðinn úr.
404	Silt	TP4	7.8.2024	AR	Brúnn siltaður leir, engin dýrabein eða kol. Allt að 33cm þykkt
405	Silt	TP4	7.8.2024	AR	Brúnn siltaður leir, eitthvað af kolaflyksum og brenndum beinum. Allt að 40cm þykkt
406	Leir	TP4	7.8.2024	AR	Gulur og grár leir. Allt að 10cm þykkt
407	Sandur	TP4	7.8.2024	AR	Dökkgrár vindborinn sandur. Allt að 25cm þykkt
408	Gjóska	TP4	7.8.2024	AR	Svört fínkorna gjóska. Allt að 5cm þykkt
409	Sandur	TP4	7.8.2024	AR	Appelsínugulur og svartur sandur, brotnar aðeins og er blautur. Allt að 12cm þykkt
501	Yfirborð	TP5	7.8.2024	AR	Yfirborðslag, dökkbrún mold með frekar þéttum rótum. Allt að 34cm þykkt
502	Hrun	TP5	7.8.2024	AR	Dökkbrúnt torfblendið lag, líklega hrun úr vegg [503]. Allt að 30cm þykkur

503	Torf	TP5	7.8.2024	AR	Torfveggur, brúnt torf með appelsínugulum skellum, svartri gjósku og ljósum sandi. Allt að 70cm þykkt
504	Hrun	TP5	7.8.2024	AR	Torfhrun úr vegg [503]. Brúnt torf með appelsínugulum skellum, svartri gjósku og ljósum sandi. Er ekki eins mikill strúktúr í því og vegg [503]. Allt að 30cm þykkt
505	Blönduð mannvist	TP5	7.8.2024	AR	Brúnn jarðvegur með fjólubláum blæ. Eitthvað af torfskellum og smá af kolum. Allt að 40cm þykkt
506	Jarðvegur	TP5	7.8.2024	AR	Lag yfir og í kringum vegg [517]. Ekkert sjáanlegt torf og frekar laust í sér, en það gæti þó verið eftir gröfuna. Allt að 60cm þykkt
507	Jarðvegur	TP5	7.8.2024	AR	Blandaður náttúrulegur jarðvegur. Dökkbrúnn með appelsínugulum skellum. Allt að 50cm þykkt
508	Steinar	TP5	7.8.2024	AR	Steinar í vegg [503]
509	Blönduð mannvist	TP5	7.8.2024	AR	Blönduð mannvist, brún með fjólubláum blæ, smá kola skellur og lífrænir blettir. Allt að 40cm þykkt
510	Mýri	TP5	7.8.2024	AR	Svart votlendslag, þétt í sér og blautt. Sterk lífræn lykt af laginu. Allt að 12cm þykkt
511	Járn	TP5	7.8.2024	AR	Járnríkt jarðlag, um 1cm þykkt. Lagið er rauðleitt og grjóthart.
512	Gjóska	TP5	7.8.2024	AR	Svört fínkorna gjóska. Allt að 3cm þykkt
513	Sandur	TP5	7.8.2024	AR	Ljósgrár frekar grófur sandur. Allt að 28cm þykkt
514	Blönduð mannvist	TP5	7.8.2024	AR	Þétt appelsínugult lag með örlitlum kolaþyksum. Allt að 32cm þykkt
515	Leir	TP5	7.8.2024	AR	Náttúrulegur leirkenndur jarðvegur. Allt að 26cm þykkt
516	Blönduð mannvist	TP5	7.8.2024	AR	Miðbrúnt þétt lag með töluvert af kolaþyksum. Allt að 20cm þykkt
517	Steinar	TP5	7.8.2024	AR	Grjót í vestur vegg tóftar.
601	Yfirborð	TP6	7.8.2024	AR	Yfirborðslag, dökkbrún mold með frekar þéttum rötum. Allt að 20cm þykkt.
602	Leir	TP6	7.8.2024	AR	Gulleitur leir. Allt að 10cm þykkt
603	Jarðvegur	TP6	7.8.2024	AR	Rauðbrúnn sendinn og leirkenndur jarðvegur. Allt að 30cm þykkt
604	Jarðvegur	TP6	7.8.2024	AR	Blandaður rauður/brúnn sandur. Allt að 14cm þykkt
605	Blönduð mannvist	TP6	7.8.2024	AR	Blandaður sendinn jarðvegur, grár og rauðleitur. Eitthvað að brenndum beinum. Allt að 8cm þykkt
606	Blönduð mannvist	TP6	7.8.2024	AR	Sendinn grár jarðvegur með fjólubláum blæ, eitthvað af brenndum beinum. Allt að 11cm þykkt
607	Sandur	TP6	7.8.2024	AR	Appelsínugulur sandur. Allt að 16cm þykkt
608	Silt	TP6	7.8.2024	AR	Brúnn siltaður sandur með fjólubláum blæ. Allt að 24cm þykkt
609	Silt	TP6	7.8.2024	AR	Þéttur, sendinn siltaður jarðvegur. Fjólublár með gráum blæ. Allt að 20cm þykkt
610	Silt	TP6	7.8.2024	AR	Sendinn og siltaður jarðvegur, grábrúnn. Allt að 12cm þykkt

611	Jarðvegur	TP6	7.8.2024	AR	Dökkgrár siltaður leir með smá sandi. Allt að 34cm þykkt
612	Mýri	TP6	7.8.2024	AR	Svart votlendislag, þétt í sér og blautt. Sterk lífræn lykt af laginu. Allt að 20cm þykkt
613	Jarðvegur	TP6	7.8.2024	AR	Brúnn jarðvegur með appelsínugulum blæ. Siltaður leir. Allt að 60cm þykkt
614	Jarðvegur	TP6	7.8.2024	AR	Náttúrulegur appelsínugulur sandur. Allt að 24cm þykkt
615	Gólf?	TP6	7.8.2024	AR	Mögulegt gólf byggingar. Grátt með fjólubláum blæ og eitthvað af brenndum beinum. Sendið silt. Allt að 30cm þykkt
616	Veggur	TP6	7.8.2024	AR	Jarðvegur á milli steina sem mynda vegg. Allt að 20cm þykkt
617	Steinar	TP6	7.8.2024	AR	Steinar í vegg [616]
701	Yfirborð	TP7	7.8.2024	AR	Yfirborðslag, dökkbrún mold með frekar þéttum rótum. Allt að 20cm þykkt.
702	Steinar	TP7	7.8.2024	AR	Hraungrýti sem veggurinn hefur verið hlaðinn úr.
703	Jarðvegur	TP7	7.8.2024	AR	Brúnn jarðvegur sem veggur [702] er í, engin önnur sjáanleg mannvist. Allt að 55cm þykkt
704	Leir	TP7	7.8.2024	AR	Gulleitur leir. Allt að 18cm þykkt
705	Jarðvegur	TP7	7.8.2024	AR	Leirkenndur sendinn jarðvegur. Allt að 37cm þykkt
706	Sandur	TP7	7.8.2024	AR	Appelsínugulur sandur, mjög þéttur. Náttúrulegt. Allt að 10cm þykkt
801	Yfirborð	TP8	7.8.2024	AR	Yfirborðslag, dökkbrún mold með frekar þéttum rótum. Allt að 24cm þykkt
802	Steinar	TP8	7.8.2024	AR	Hraungrýti sem veggurinn hefur verið hlaðinn úr.
803	Jarðvegur	TP8	7.8.2024	AR	Brúnn jarðvegur sem veggur [802] er í, engin önnur sjáanleg mannvist. Allt að 23cm þykkt
804	Sandur	TP8	7.8.2024	AR	Leirkenndur sendinn jarðvegur. Allt að 26cm þykkt
805	Sandur	TP8	7.8.2024	AR	Appelsínugulur sandur, mjög þéttur. Náttúrulegt. Allt að 16cm þykkt

9.2 Ljósmyndaskrá

Númer	Átt	Nafn	Dagsetning	Lýsing
5287	A	AR	5.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 1
5288	N	AR	5.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 1
5289	A	AR	5.8.2024	Post-ex á prufuskurði 1
5290	N	AR	5.8.2024	Post-ex á prufuskurði 1
5291	V	AR	6.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 3 á Kaupmannstúni
5292	S	AR	6.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 3 á Kaupmannstúni
5293	S	AR	6.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 2
5294	A	AR	6.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 2
5295	V	JB	6.8.2024	Vestur snið á prufuskurði 3
5296	VOID	VOID	VOID	VOID
5297	A	JB	6.8.2024	Horft austur yfir prufuskurð 3 í Kaupmannstún
5298	A	JB	6.8.2024	Horft austur yfir prufuskurð 3 í Kaupmannstún
5299	VOID	VOID	VOID	VOID
5300	S	JB	6.8.2024	Suðursnið á prufuskurði 3
5301	S	JB	6.8.2024	Suðursnið á prufuskurði 3
5302	V	JB	6.8.2024	Horft vestur yfir prufuskurð 3 í Kaupmannstún
5303	S	JB	6.8.2024	Suðursnið á prufuskurði 3
5304	V	JB	6.8.2024	Vestur snið á prufuskurði 3
5305	V	JB	6.8.2024	Horft yfir prufuskurð 3
5306	A	JB	6.8.2024	Horft yfir prufuskurð 3
5307	N	AR	6.8.2024	Horft yfir prufuskurð 2
5308	A	AR	6.8.2024	Austur snið á prufuskurði 2
5309	S	AR	6.8.2024	Horft yfir prufuskurð 2
5310	A	AR	6.8.2024	Austur snið á prufuskurði 2
5311	A	AR	6.8.2024	Austur snið á prufuskurði 2
5312	A	AR	6.8.2024	Horft yfir prufuskurð 2
5313	V	AR	6.8.2024	Horft yfir prufuskurð 2
5314	NA	AR	7.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 8
5315	N	AR	7.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 8
5316	S	AR	7.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 7
5317	A	AR	7.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 7
5318	NV	AR	7.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 6
5319	S	AR	7.8.2024	Pre-ex á prufuskurði 6
5320	S	KF	7.8.2024	SA snið á prufuskurði 8
5321	S	KF	7.8.2024	SA snið á prufuskurði 8
5322	N	KF	7.8.2024	NV snið á prufuskurði 8
5323	N	KF	7.8.2024	Prufuskurður 8
5324	A	KF	7.8.2024	Austur snið á prufuskurði 8
5325	V	KF	7.8.2024	Horft yfir skurði 8 og 7
5326	SA	KF	7.8.2024	Horft yfir skurð 7
5327	S	KF	7.8.2024	Veggur í suðursniði prufuskurðar 7

5328	S	KF	7.8.2024	Veggur í suðursniði þrúfuskurðar 7
5329	S	KF	7.8.2024	Suðursnið þrúfuskurðar 7
5330	S	KF	7.8.2024	Suðursnið þrúfuskurðar 7
5331	V	KF	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 7
5332	A	KF	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 7
5333	VOID	VOID	VOID	VOID
5334	S	KF	7.8.2024	Suðursnið þrúfuskurðar 7
5335	V	AR	7.8.2024	Pre-ex á þrúfuskurði 5
5336	SV	AR	7.8.2024	Pre-ex á þrúfuskurði 5
5337	V	AR	7.8.2024	Pre-ex á þrúfuskurði 4
5338	SV	AR	7.8.2024	Pre-ex á þrúfuskurði 4
5339	S	KF	7.8.2024	Suðursnið þrúfuskurðar 4
5340	S	KF	7.8.2024	Suðursnið þrúfuskurðar 4
5341	S	KF	7.8.2024	Suðursnið þrúfuskurðar 4
5342	S	KF	7.8.2024	Suðursnið þrúfuskurðar 4
5343	A	KF	7.8.2024	Austursnið þrúfuskurðar 4
5344	SV	KF	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 4
5345	V	KF	7.8.2024	Vestursnið þrúfuskurðar 4
5346	V	KF	7.8.2024	Vestursnið þrúfuskurðar 4
5347	S	KF	7.8.2024	Sandur og gjóska í botni þrúfuskurðar 4
5348	ASA	JB	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 6
5349	ASA	JB	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 6
5350	ASA	JB	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 6
5351	VSV	JB	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 6
5352	S	JB	7.8.2024	Vesturendi suðursniðs á þrúfuskurði 6
5353	S	JB	7.8.2024	Steinar í suðursniði þrúfuskurðar 6
5354	S	JB	7.8.2024	Mögulegur veggur í suðursniði þrúfuskurðar 6
5355	S	JB	7.8.2024	Miðja suðursniðs þrúfuskurðar 6
5356	S	JB	7.8.2024	Miðja suðursniðs þrúfuskurðar 6
5357	S	JB	7.8.2024	Suðursnið þrúfuskurðar 6. Líklega hefur veggur verið þar sem holan í sniðinu er. Grafan tók grjót með sér.
5358	S	JB	7.8.2024	Vestur endi suðursniðs í þrúfuskurði 6
5359	V	JB	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 6
5360	SA	JB	7.8.2024	Mögulegt gólf [615] í þrúfuskurði 6
5361	SV	JB	7.8.2024	Mögulegt gólf [615] í þrúfuskurði 6
5362	V	AR	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 5
5363	S	AR	7.8.2024	Torfveggur [503] í suðursniði þrúfuskurðar 5
5364	S	AR	7.8.2024	Torfveggur [503] í suðursniði þrúfuskurðar 5
5365	S	AR	7.8.2024	Austur endi suðursniðs í þrúfuskurði 5
5366	S	AR	7.8.2024	Miðja suðursniðs þrúfuskurðar 5
5367	S	AR	7.8.2024	Vestur endi suðursniðs í þrúfuskurði 5
5368	A	AR	7.8.2024	Horft yfir þrúfuskurð 5
5369	S	AR	7.8.2024	Möguleg veggjahleðsla í austurenda þrúfuskurðar 5. Grafan raskaði hleðslunni.

5370	S	AR	7.8.2024	Möguleg veggjahleðsla í austurenda prufuskurðar 5. Grafan raskaði hleðslunni.
5371	N	AR	8.8.2024	Horft yfir meinta staðsetningu garðlags 2651-038. Garðlagið er horfið

9.3 Teikningaskrá

Teikning nr.	Skali	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
1	1:10	Snið	5.8.2024	KF	N snið af prufuskurði 1
2	1:10	Snið	6.8.2024	KF	V snið af prufuskurði 2
3	1:10	Snið	6.8.2024	KF	SV snið af prufuskurði 3
4	1:10	Snið	7.8.2024	KF	SA snið af prufuskurði 4
5	1:20	Snið	7.8.2024	AR	S snið af prufuskurði 5
6	1:20	Snið	7.8.2024	JB/KF	SA snið af prufuskurði 6
7	1:10	Snið	7.8.2024	KF	SA snið af prufuskurði 7
8	1:10	Snið	7.8.2024	KF	SA snið af prufuskurði 8

9.4 Fundaskrá


Gripanr.	Efni	Hlutur	Svæði	Lag	Dags.	Nafn	Lýsing	Mynd
HJA-2024-52-1	Járn	Járnþynnur	TP1	Lausafundur	5.8.2024	KF	16 bitar af járnþynnum, fannst við í uppmokstri af prufuskurði 1	
HJA-2024-52-2	Járn	Gaddavír	TP1	Lausafundur	5.8.2024	JB	Þrjú brot af gaddavír, fundust neðarlega í uppmokstri af prufuskurði 1	
HJA-2024-52-3	Gler	Rúðugler	TP1	Lausafundur	5.8.2024	JB	Tvö rúðuglerbrot, fundust neðarlega í uppmokstri af prufuskurði 1	


HJA-2024-52-4	Leirker	Hvítleir	TP1	Lausafundur	5.8.2024	KF	Lítið hvítt leirkersbrot, fannst í uppmokstri af prufuskurði 1	
HJA-2024-52-5	Múr	Múrsteinn	TP1	Lausafundur	5.8.2024	KF	Þrjú lítil, rauðleit múrsteinsbrot. Fannst í uppmokstri af prufuskurði 1	
HJA-2024-52-6	Járn	Járnþynnur	TP1	Lausafundur	5.8.2024	JB	Þrjú járnþynubrot. Fundust í uppmokstri af prufuskurði 1	

HJA-2024-52-7	Múr	Múrsteinn	TP1	Lausafundur	5.8.2024	JB	Lítið múrsteinsbrot. Fannst í uppmokstri af prufuskurði 1	
HJA-2024-52-8	Múr	Múrsteinn	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Stórt múrsteinsbrot sem fannst við uppmokstur á prufuskurði 2	
HJA-2024-52-9	Leirker	Stytta	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Höfuð af lítilli styttnu. Höfuðið sýnir unga stelpu með hatt og liðað hár. Styttnan hefur brotnað á hálsi stelpunar. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2	

HJA-2024-52-10	Múr	Múrsteinn	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Múrsteinsbrot, fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	
HJA-2024-52-11	Járn	Óþekkt	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	4 lítil og þunn járnbrott með óþekkt hlutverk. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	
HJA-2024-52-12	Leirker	Hvítleir	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	7 leirkerabrot af mismunandi stærð sem fundust við uppmokstur á prufuskurði 2.	

HJA-2024-52-13	Járn	Bolti?	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Járnhlutur, mögulega bolti eða þykkur nagli með flatan haus. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	
HJA-2024-52-14	Gler	Flöskugler	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Grænt flöskugler, smá bogi á því. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	
HJA-2024-52-15	Gler	Flöskugler	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Glært, þunnt flöskugler, mögulega frá lyfjaglassi. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	

HJA-2024-52-16	Kol	Steinkol	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Lítið steinkolsbrot, fannst neðarlega í prufuskurði 2 við mokstur.	
HJA-2024-52-17	Leirker	Hvítleir	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Tvö hvít leirkersbrot með bleikri skreytingu. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	
HJA-2024-52-18	Leirker	Hvítleir	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Lítið hvítt og rifflað leirkersbrot með bláu blómi. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	

HJA-2024-52-19	Leirker	Hvítleir	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Hvítt leirkersbrot með brúnni skreytingu. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	
HJA-2024-52-20	Gler	Flöskugler	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Brúnt flöskugler, smá bogi á því. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	
HJA-2024-52-21	Leirker	Hvítleir	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Lítið hvítt leirkersbrot með svartri skreytingu. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 2.	

HJA-2024-52-22	Leirker	Hvítleir	TP2	Lausafundur	6.8.2024	AR	Þrjú hvít leirkersbrot, fundust við uppmokstur á prufuskurði 2.	
HJA-2024-52-23	Gler	Rúðugler	TP1	Lausafundur	5.8.2024	AR	Bogið grænt flöskuglerbrot. Fannst við uppmokstur á prufuskurði 1.	

9.5 Sýnaskrá

Sýnanr.	Efni	Svæði	Lag	Dags.	Nafn	Lýsing	Mynd
S-1	Dýrabein	TP 6	Lausafundur	7.8.2024	JB	10 dýrabein sem fundust í skurði 6	
S-2	Dýrabein	TP 1	Lausafundur	5.8.2024	JB	2 dýrabein sem fundust í skurði 1	
S-3	Gjóska	TP 5	[503]	7.8.2024	AR	Svört fínkorna gjóska sem var í torfvegg [503] í prufuskurði 5	

